

**Kennari:**  
Haukur Hilmarsson

**Kennslufyrirkomulag:**  
Verklegt nám í smiðjutvennd

**Tímafjöldi:**  
6 kennslustundir

**Bekkur:**  
9. bekkur

## Hönnun og smíði

Hönnun og smíði sem námsgrein á sér langa sögu. Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæða í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu, þjálfa einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Auk þess er lögð áhersla á handverk, menningu og tengsl við verklegt framhaldsnám. Í hönnun og smíði er áhersla lögð á að nemandinn verði sjálfstæður í verki og öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum efnunum, verkfærum og tækni. Hann öðlast þekkingu og færni sem hann getur yfirfært á starfsvettvang, tómstundir eða heimilishald. Lögð er áhersla á að nemandinn sé virkur í hönnunarferli og móti útlit og uppbyggingu hluta miðað við notkun þeirra. Þar fléttast einnig inn áhersla á nýsköpun og hagnýtingu þekkingar. Nemandinn hefur þannig áhrif á umhverfi sitt og er um leið hvattur til að sýna umhverfinu nærgætni og virðingu.

Í hönnun og smíði fléttast saman sköpun, læsi og sjálfbærni á ábreifanlegan hátt sem hjálpar nemandanum að skilja merkingu hugtakanna.

Hæfniviðmiðum í hönnun og smíði er skipt upp í þrjá efnisflokk, handverk, hönnun og tækni, og umhverfi, og eru þeir megináherslusvið greinarinnar. Flokkarnir tengjast þó allir innþyrðis.

Lögð er áhersla á að nemendur læri rétta notkun hlífðarbúnaðar og þekki hugtakið vinnuvernd.

## Hönnun og smíði

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemendur geti:</i>	Leiðir:
Hönnun, smíði og samsetning	Efni af vef  Ýmsar handbækur og blöð	<ul style="list-style-type: none"> <li>– valið aðferðir, efni og verkfæri við hæfi og sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra</li> <li>– unnið sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningum, útbúið efnislista og reiknað kostnað</li> <li>– sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði</li> <li>– hannað verkefni út frá efni, fagurfræði, tækni, umhverfi, notkun og endingu</li> <li>– beitt viðeigandi vinnustellingum og notað réttan hlífðarbúnað og fjallað um vinnuvernd og hvers vegna reglur þar að lútandi eru settar</li> <li>– framkvæmt flóknari samsetningar, s.s. samlímingu, töppun og skrúfun</li> <li>– unnið sjálfstætt, sýnt frumkvæði og fylgt fyrirmælum</li> </ul>	<p>Sýnikennsla í hópi</p> <p>Nemendur vinna einstaklingsverkefni í samræmi við þroska þeirra og getu</p> <p>Sköpunarbörf og sjálfstæði</p> <p>nemandans fá að njóta sín</p>
<b>Námsmat:</b>	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		